

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Í daglegu starfi í leikskólanum þarf að baða börn í tungumáli. Börn þurfa fyrirmyndir frá fullorðnum til að læra tungumálið. Börn læra líka málið með því að vera í samskiptum við önnur börn. Máltaka og málþróun er ekki fyrirhafnalaus. Við fullorðna fólkið þurfum að nota gæðamálörvun allan daginn. Nota hvert einasta tækifæri, alla daga.

Settu orð á allar athafnir

Ekki krefjast þess að barnið svari ef það er ekki tilbúið til þess

Notaðu sjálfstal og samhliðatal. Barnið þarf fyrst að heyra málið áður en það getur talað það.

Vertu orðaforðafréttaritari

Nefndu það sem barnið hefur áhuga á. Lýstu því, talaðu um lit, áferð, hvað maður gerir o.s.fr



Endurtaktu oft

Endurtaktu það sem barnið segir.

Endurtaktu það sem þú varst að segja.

Legðu áherslu á mikilvægustu orðin í setningunni.



Barn þarf að heyra rétt mál

Ef barnið segir: „sjáðu gult bíll“ segjum við, "já, þarna er gulur bíll".

EKKI BENDA Á „MISTÖK“!



Farðu inní leik barns eða barna

Lýstu því sem er að gerast í leiknum, bættu við orðum og hugmyndum.

Ekki taka yfir leikinn. Styddu við hann.



Vertu í augnhæð barnsins

Með því að horfa í augu barnsins nærðu betra sambandi við það. Barnið upplifir að þú hafir áhuga á því sem það er að gera.



Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir og gerir

Hlustaðu á það sem barnið segir. Endurtaktu setninguna og bættu við orði t.d. barnið segir: "þarna er stóri bíllinn" þá endurtekur þú, "já þarna er stóri rauði bíllinn"



Bíddu eftir viðbragði (svari) barns

Barn þarf oft lengri tíma til að svara en fullorðinn.

Gefðu barninu tækifæri til að svara beint þegar það er spurt, ekki grípa fram í.

